

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins , Leiðbeinandi yfirborðsmerkingar á sameiginlega stíga (US200136).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs, 13. maí 2020, var lögð fram tillaga frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og er svohljóðandi:

Lagt til að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar fari í vinnu við að setja leiðbeinandi yfirborðsmerkingar á sameiginlega stíga sem notaðir eru af gangandi og hjólandi vegfarendum. Síðustu mælingar borgarinnar á umferð hjólandi og gangandi vegfaranda hefur sýnt stóráukna umferð á stígum borgarinnar til að mynda í Elliðaárdal, Nauthólsvík og á Ægissíðu. Nokkrir af þessum stígum eða hluti þeirra eru mjóir og hafa skapast mikil vandræði og slyshætta á þeim. Leiðbeinandi yfirborðsmerkingar eru því nauðsynlegar.